

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
9. fundur 2024 (131. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 16.12.2024 kl. 10:00 í fundarsal Kadeco í Reykjanesbæ.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Valgerður B. Eggertsdóttir	"
Jón B. Guðnason	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

Gestur fundarins var Friðfinnur Skaftason verkfræðingur í innviðaráðuneytinu.

1. Kynning þróunaráætlunar fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar

Pálmi Freyr Randversson framkvæmdastjóri Kadeco og Bergný Jóna Sævarsdóttir sjálfbærnistjóri kynntu þróunaráætlun til ársins 2050 fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar.

2. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2023 -2040, vinnslutillaga

Lögð voru fram drög að endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, dags. í júní 2024.

Rætt var um NA/SV flugbraut og hugsanlega uppbyggingu á Demantssvæði. Friðfinnur Skaftason gerði grein fyrir stöðu máls þessa innan innviðaráðuneytisins. Að mati formanns nefndarinnar er ekki unnt að afgreiða aðalskipulagstillöguna úr nefndinni fyrr en niðurstaða hefur fengist um stöðu flugbrautarinnar og skoðuð hafa verið nánar áhrif bygginga á Demantssvæðinu á vindafar við brautarenda og hávaða eins og rætt var um og bókað á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar.

3. Vestursvæði Keflavíkurflugvallar, deiliskipulagsbreyting. Gildistaka

Með auglýsingu í B – deild Stjórnartíðinda, dags. 26. nóvember 2024 og birt 10. desember 2024, tók framangreind deiliskipulagsbreyting gildi. Til kynningar.

4. Vatnsnes, beiðni um umsögn frá Reykjanesbæ, aðalskipulagsbreyting

Lögð var fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vatnsness, svæði M9 í Reykjanesbæ. Breytingin felst í fjölgun íbúða úr 600 í 1.250.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Fulltrúi Reykjanesbæjar í nefndinni vék af fundi undir þessum lið.

5. Svæðisskipulag Suðurnesja 2024 – kynning á tillögu á vinnslustigi

Lögð var fram vinnslutillaga að svæðisskipulagi Suðurnesja, dags. í október 2024. Óskað var umsagnar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um tillöguna.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

9. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 27. janúar 2025.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>